

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/31/06

frá 3. maí 2000

um málsmeðferð við tilnefningu nýs sameiginlegs hýsijóns fyrir samþætta tölvuvædda dýraheilbrigðiskerfið(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 818)

(2000/351/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með lögnum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 92/373/EBE ⁽⁴⁾ tilnefndi framkvæmdastjórnin Animo-hýsijóninn og í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 1999/716/EB ⁽⁶⁾, skal Animo-hýsijóninn starfræktur a.m.k. til 31. mars 2000.
- 2) Í framhaldi af starfsemi á vettvangi bandalagsins, þ.m.t. rannsóknir og námskeið, um endurskoðun uppbyggingu Animo-netkerfisins, skal innleiða dýraheilbrigðiskerfi sem samþættir margskonar tölvubúnað.
- 3) Nauðsynlegt er á þessu stigi að mæla fyrir um málsmeðferð við tilnefningu nýs sameiginlegs hýsijóns til að sjá um alla þá þjónustu, sem krafist er samkvæmt dýraheilbrigðiskerfinu, sem samþættir margskonar tölvubúnað.
- 4) Sameiginlegi hýsijóninn skal vera í samræmi við nákvæmar tækniforskriftir.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal á árinu 2000 senda út boð um að gera tilboð í sameiginlegan hýsijón sem taki tillit til framfara í gagnafjarskiptatækni og þeirrar nýju þjónustu sem þarf vegna upplýsingaskipta milli aðildarríkjanna samkvæmt samþætta dýraheilbrigðistölvukerfinu.

2. Boðið um að gera tilboð sem kveðið er á um í 1. mgr. skal innihalda allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þess (nákvæma forskrift) og skal taka til greina a.m.k. þær tækniforskriftir sem skilgreindar eru í viðaukanum.

3. Framkvæmdastjórnin skal að loknu boðinu um að gera tilboð sem kveðið er á um í 1. mgr., í þeim tilgangi að velja hýsijóninn, velja a.m.k. þrjú tilboð sem uppfylla tækniforskriftirnar sem um getur í 2. mgr.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. maí 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttð. EB L 124, 25.5.2000, bls. 61, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2001 frá 23. nóvember 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjttð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

⁽³⁾ Stjttð. EB L 243, 25.8.1992, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjttð. EB L 195, 14.7.1992, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjttð. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20.

⁽⁶⁾ Stjttð. EB L 289, 11.11.1999, bls. 1.

VIÐAUKI

TÆKNIFORSKRIFTIR FYRIR SAMEIGINLEGA HÝSIPJÓNINN

1. Almenn lýsing

Hýsipjónn fyrir skipti og úrvinnslu tilkynninga og annarra gagna skal vera starfhæfur eigi síðan en 1. apríl 2001.

Hann skal samanstanda af eftirfarandi þáttum:

- a) nægilega mörgum tölvum með afkastagetu sem tryggir meðhöndlun mikils magns gagna, viðtöku umsókna, gagnagrunna og tilvísunarskráa um dýraheilbrigði,
- b) búnaði (vél- og hugbúnaði) sem tryggir fjölsamskiptareglur milli mismunandi netkerfa og gerir aðgang margra notenda samtímis mögulegan,
- c) tölvupóstkerfi sem uppfyllir alþjóðlega staðla,
- d) Netaðgangi og þjónustu,
- e) skráarflutningaþjónustu,
- f) geymslurými fyrir gögn sem nægir í eitt ár,
- g) safnvistunaraðstöðu út samningstímann,
- h) öryggisafritun og tafarlausri endurræsingu ef um bilun er að ræða.

Hýsipjónninn skal vera fær um samrekstur við kerfi sem fyrir eru, svo sem hýsipjóna eða kerfi sem notuð eru af innlendum stjórnvöldum á sviði dýraheilbrigðis og uppfylla alþjóðlega staðla.

Hýsipjónninn skal vera tiltækur allan sólarhringinn, sjö daga vikunnar.

2. Stafasettsstaðlar og magn sendra gagna

Skilaboðasnið fyrir hugbúnað sem fyrir er skal vera ASCII með skilgreindum stöfum en verður að geta þróast í átt að öðrum stafasettsstöðlum. Áætlaður fjöldi sendra tilkynninga dag hvern er u.þ.b. 4000. Þar af leiðir að rekstur hýsipjónsins mun taka til u.þ.b. 4000 inntaksaðgerða og 8000 úttaksaðgerða dag hvern.

Önnur send gögn munu að mestum hluta vera tilvísunar- og gagnaskrár auk notkunarhugbúnaðar.

3. Afkastageta kerfis

Kerfið verður að ráða við allt að 2000 notendur. Þar sem notkunartímabil geta verið breytileg verður áætlaður fjöldi samtíma notenda (inntaks- og úttaksögn) að meðaltali u.þ.b. 70 og mest 100. Afkastagetuna þarf að vera hægt að auka ef þörf krefur til að tryggja þjónustustigið. Kerfið verður að ráða við biðraðir.

4. Rekjanleiki skilaboða

Hýsipjónninn verður að ábyrgjast að hægt sé að rekja tilkynningar og hafa eftirlit með því ferli. Hann skal tryggja að rekstri fjarskiptaneta sé viðhaldið og að rofin fjarskipti séu endurheimt og að ávallt séu til staðar allir möguleikar varðandi rekjanleika.

5. Kerfis- og gagnaöryggi

Hýsipjónninn skal hafa ströng og samfelld ákvæði um vernd og heilleika gagna. Hýsipjónninn skal ekki geta nýtt sér þessi gögn.

Aðgangi að kerfinu skal vernda og stjórna með öryggistilhögunum sem færa sér í nyt margskonar aðferðir svo sem notendakenni og sannvottun hýsipjóns á sendanda tilkynninga.

Hýsipjónninn skal hafa yfir að ráða aðferðum til að afrita og endurheimta gögn í kerfinu þannig að engar upplýsingar glatist vegna bilunar á vélbúnaði.

Hýsipjónninn skal hafa í þjónustu sinni nægilega margt faglært starfsfólk.

6. Aðstoð

Aðstoð vegna hvers konar samskiptavandamála skal vera starfrækt á athafnasvæði hýsijónsins í 12 klukkustundir á dag, frá kl 7-19.

Beinlínutengd aðstoð skal fylgja öllum notkunarhugbúnaði.

7. Kerfisumsjón

Hýsijóninninn skal láta í té töluleg gögn um flæði tilkynninga, miðlun tilvísunarskráa, bilanir fjarskiptanetsins og allar færribreytur vegna stjórnunar kostnaðar.
